Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

SÓKNARÁÆTLUN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

VSÓ RÁÐGJÖF

urbana



LYKILTÖLUR HINS BYGGÐA UMHVERFIS

Sjálfbærnivísar fyrir höfuðborgarsvæðið

September 2026

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1.0	30.09.2026	ÁHT/HÁP	SBJ/SGT	SBJ

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík
www.vso.is

og

Úrbana slf.
Kársnesbraut 111, 200 Kópavogur
www.urbana.is

í samstarfi við

Ásdísi Hlökk Theodórsdóttur
Aðjúnkt í skipulagsfræði við LbhÍ

Unnið fyrir:

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogi

Efnisyfirlit

1	**Inngangur**	**3**
2	**Sjálfbærnivísar – gögn, aðferðir og framsetning**	**4**
2.1	Gögn og aðferðir	4
2.2	Framsetning niðurstaðna	5
2.3	Túlkun og hagnýting niðurstaðna	6
3	**Niðurstöður eftir sjálfbærniþemum**	**7**
3.1	Aðgengi að nærþjónustu	8
3.2	Vistvænar samgöngur	10
3.3	Byggðamynstur og lýðfræði	13
3.4	Græn gæði	16
3.5	Blöndun byggðar	18
4	**Samanburður við norræn borgarsvæði**	**21**
4.1	Þéttleiki byggðar	21
4.2	Aðgengi að almenningssamgöngum	23
4.3	Bílaeign	25
4.4	Græn gæði samkvæmt „3–30–300“ viðmiðinu	26
5	**Samantekt niðurstaðna**	**27**
5.1	Heildarmynd höfuðborgarsvæðisins	27
5.2	Helstu styrkleikar og áskoranir	28
6	**Lokaorð**	**29**
Heimildir	**30**	
Viðaukar	**32**	

1 Inngangur

Verkefnið Lykiltölur hins byggða umhverfis er hluti af framfylgd *Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2025–2029*. Upphaflegt markmið verkefnisins var að skilgreina lykiltölur um hið byggða umhverfi og gæði þess á höfuðborgarsvæðinu og bera þær saman við önnur borgarsvæði. Við úrvinnslu verkefnisins kom í ljós að erfitt er að finna samræmd og samanburðarhæf gögn frá öðrum löndum fyrir heildstætt sett slíkra lykiltalna.

Við útfærslu verkefnisins þróaðist nálgunin yfir í mótun sjálfbærnivísa fyrir hverfi á höfuðborgarsvæðinu. Sjálfbærnivísunum er ætlað að auka skilning á gæðum hins byggða umhverfis og varpa ljósi á hvernig hverfi styðja við markmið um sjálfbært borgarskipulag, vistvænar samgöngur, nærþjónustu, græn gæði og fjölbreytta byggð. Jafnframt er gerður samanburður við nokkur norræn borgarsvæði fyrir valda þætti þar sem sambærileg gögn liggja fyrir.

Verkefnið er unnið samhliða og tengt verkefninu *Innviðagreining á höfuðborgarsvæðinu*. Í innviðagreiningunni var lagt mat á aðgengi íbúa á höfuðborgarsvæðinu að völdum innviðum, svo sem skólum, almenningssamgöngum, verslun, þjónustu, heilbrigðisþjónustu, menningu, íþróttum og grænum svæðum.

Sjálfbærnivísarnir taka næsta skref. Þeir nýta að miklu leyti sömu grunngögn og unnið er með í innviðagreiningunni en setja niðurstöðurnar í samhengi við sjálfbært borgarskipulag. Þannig er ekki aðeins spurt hvort tilteknir innviðir séu til staðar, heldur einnig hvort aðgengi, byggðamynstur og samsetning hverfis styðji við sjálfbært daglegt líf íbúa.

Verkefnið byggir á þeirri forsendu að gæði byggðar verði ekki metin með einni breytu eða lykiltölu. Þess í stað þurfi að skoða marga þætti saman, svo sem aðgengi að þjónustu, ferðavenjur, þéttleika byggðar, gróður og græn svæði, húsnæðisgerðir og blöndun byggðar.[1]

Sjálfbærnivísarnir taka mið af stefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, *Höfuðborgarsvæðið 2040*, og leiðbeiningunum *Mannlíf, byggð og bæjarrými*, sem fjalla um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli sem og af almennri fræðilegri þekkingu um sjálfbært borgarumhverfi. Í svæðisskipulaginu og leiðbeiningunum er lögð áhersla á að samþætta byggð og samgöngur, styrkja nærþjónustu, beina uppbyggingu að svæðum sem styðja við almenningssamgöngur og virka ferðamáta, nýta land betur, efla gróður og græn svæði og móta hverfi sem styðja við fjölbreytt daglegt líf íbúa.

Niðurstöðurnar lýsa stöðunni þegar gagnasöfnun og úrvinnsla fór fram og eins og nákvæmni gagnanna gefur kost á. Þær ber því að túlka sem mynd af stöðu á tilteknum tímapunkti, en ekki sem varanlegt mat á gæðum eða sjálfbærni hverfa.

Sjálfbærnivísarnir eru hugsaðir sem hagnýtt greiningartæki til að fylgja eftir núverandi stefnu og undirbyggja frekari stefnumörkun um sjálfbært borgarskipulag á höfuðborgarsvæðinu. Skýrslunni er fyrst og fremst ætlað að geta þjónað sem greiningar- og umræðugrundvöllur fyrir SSH, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og aðra sem koma að stefnumótun, skipulagsgerð og þróun hverfa.

Verkefnið var unnið af VSÓ Ráðgjöf, Úrbana og Ásdísi Hlökk Theodórsdóttur.

[1] Um rannsóknarniðurstöður um lykilbreytur varðandi staðargæði borgarhverfa sjá til dæmis Carmona, 2018.

2 Sjálfbærnivísar – gögn, aðferðir og framsetning

Sjálfbærnivísarnir eru settir fram undir eftirfarandi þemum:

A. Aðgengi að nærþjónustu
B. Vistvænar samgöngur
C. Byggðamynstur og lýðfræði
D. Græn gæði
E. Blöndun byggðar

Innan hvers þema eru skilgreindir einstakir vísar. Vísarnir byggja á mælanlegum gögnum, svo sem hlutfalli íbúa innan tiltekinnar göngufjarlægðar, þéttleika byggðar, bílaeign, íbúðasamsetningu eða aðgengi að grænum svæðum.

2.1 Gögn og aðferðir

Grunneining greiningarinnar er skólahverfi[2] á höfuðborgarsvæðinu. Skólahverfi eru notuð þar sem þau mynda nokkuð heildstæða einingu um daglegt nærumhverfi íbúa og eru hentug til að bera saman aðstæður innan og milli sveitarfélaga.

Greiningin byggir á fjölbreyttum gagnagrunnum. Úr innviðagreiningunni[3] voru meðal annars nýttar upplýsingar um íbúafjölda, aldurssamsetningu, „3-30-300“ greiningu, íbúðir og aðgengi íbúa að þjónustuinnviðum. Úr kortasjá SSH voru nýttar upplýsingar um byggðamynstur, atvinnuhúsnæði, húsagerðir og íbúðarstærðir. Upplýsingar um bílaeign voru sóttar í manntal Hagstofu Íslands og upplýsingar um ferðavenjur voru sóttar í ferðavenjukönnun innviðaráðuneytisins o.fl.

Gögn um bílaeign og ferðavenjur liggja eingöngu fyrir með annarri svæðisskiptingu en skólahverfunum sem er unnið með í þessu verkefni. Því þarf að túlka þau sérstaklega í samhengi við niðurstöður fyrir einstök skólahverfi. Nánar er fjallað um þessa úrvinnslu í kafla 3.2.

Sjálfbærnivísarnir voru valdir með hliðsjón af stefnu, leiðbeiningum og rannsóknum um sjálfbært borgarskipulag, aðgengi að nærþjónustu, vistvænar samgöngur, gæði byggðar, félagslega blöndun og græn gæði.

Við val vísa var einnig horft til þess að gögn væru tiltæk, samanburðarhæf milli hverfa og mögulegt væri að uppfæra þau síðar.

Fyrir hvern vísi eru skilgreind viðmið sem nýtast til að túlka niðurstöður. Viðmið geta byggt á:

- stefnumörkun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins,
- leiðbeiningum um 15/20 mínútna hverfi,
- erlendum samanburði,
- fyrirliggjandi rannsóknum og faglegu mati á því hvað styður við sjálfbærni hverfa.

[2] Alls er höfuðborgarsvæðinu hér skipt í 61 skólahverfi. Kjalarnes og Kjós eru ekki tekin með í greiningunni. Í einstökum tilvikum liggja ekki fyrir skilgreind mörk skólahverfa þar sem afmörkuð eru sérstök hverfi í greiningunni. Þetta á til dæmis við hverfi *M24 Leirvogstungu*.

[3] VSÓ Ráðgjöf, Úrbana & Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, 2026. Innviðagreining á höfuðborgarsvæðinu. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Aðferðin hefur þann styrk að hún er gagnadrifin, byggir á staðbundnum gögnum, gefur kost á samanburði milli hverfa og má endurtaka með sambærilegum hætti síðar. Þannig getur hún nýst til að fylgjast með þróun yfir tíma og meta hvort breytingar í byggð, innviðum og þjónustu styðja við markmið um sjálfbært borgarskipulag.

Við túlkun niðurstaðna þarf þó að hafa í huga að greiningin ræðst af þeim gögnum sem liggja fyrir og þeim landfræðilega kvarða sem þau eru tiltæk á. Skólahverfi eru hentug eining til samanburðar, en þau eru ekki alltaf afmörkuð með sama hætti milli sveitarfélaga og geta í sumum tilvikum náð yfir stór atvinnusvæði, opin svæði eða framtíðaruppbyggingarsvæði sem eru ólík núverandi íbúðarbyggð. Sum gögn liggja jafnframt ekki fyrir á sama landfræðilega kvarða og skólahverfin. Sérstaklega á það við um gögn um ferðavenjur og bílaeign.

2.2 Framsetning niðurstaðna

Niðurstöður greiningarinnar eru settar fram í 3.-5. kafla og í töflu og á kortum í viðauka við skýrsluna.

Í 3. kafla er fjallað um niðurstöður eftir sjálfbærniþemum, þar sem dregin eru fram helstu mynstur, styrkleikar og áskoranir innan hvers þema. Í 4. kafla er gerður samanburður við nokkur norræn borgarsvæði fyrir valda þætti. Í 5. kafla er sett fram samantekt á niðurstöðum og fjallað um heildarmynd höfuðborgarsvæðisins. Í viðauka eru birtar nánari niðurstöður fyrir einstaka vísa og skólahverfi.

Undir hverju sjálfbærniþema eru settir fram þrír eða fleiri sjálfbærnivísar. Fyrir hvern sjálfbærnivísi eru skilgreind viðmið sem nýtast til að gefa hverjum vísi einkunn. Einkunnagjöfin er sett fram á þriggja þrepa skala: *gott*, *miðlungs* og *slakt*, líkt og sjá má í töflu hér að neðan. Einkunnin sýnir hversu vel niðurstaða viðkomandi vísis styður við markmið um sjálfbært borgarskipulag. Þar er vísað til almennra áherslna í fræðilegri umfjöllun og leiðbeiningum um sjálfbært borgarskipulag, ásamt stefnu svæðisskipulagsins, eins og lýst er í 1. kafla.

Einkunn	Lýsing
Gott	Niðurstaðan styður vel við markmið um sjálfbært borgarskipulag.
Miðlungs	Niðurstaðan styður að hluta við markmið um sjálfbært borgarskipulag.
Slakt	Niðurstaðan styður illa við markmið um sjálfbært borgarskipulag.

Einkunnin er ekki almenn heildareinkunn fyrir hverfið, heldur einföld framsetning á stöðu tiltekins vísis gagnvart skilgreindum viðmiðum um sjálfbært borgarskipulag. Hverfi getur til dæmis komið sterkt út gagnvart grænum gæðum en veikt gagnvart nærþjónustu. Annað hverfi getur haft gott aðgengi að almenningssamgöngum en takmarkaða blöndun byggðar. Ef allir þættir væru sameinaðir í eina heildareinkunn gæti yfirsýn yfir slíkan mismun og mikilvæg mynstur tapast.

Sjálfbærnivísar í hverju þema mæla ólíka þætti sem þarf að túlka með hliðsjón af staðbundnum eiginleikum hvers hverfis. Því er ekki sett fram eitt heildarkort eða ein heildareinkunn fyrir sjálfbærni hverfa.

Þótt ekki sé sett fram eitt heildarkort má lesa þemakortin saman sem lagskipta kortagreiningu. Með því að bera saman kort fyrir aðgengi að nærþjónustu, vistvænar samgöngur, byggðamynstur, græn gæði og blöndun byggðar má greina hvar styrkleikar safnast saman og hvar er að finna tilteknar áskoranir.

Þannig geta þemakortin í senn þjónað sem lýsing á núverandi stöðu og tæki til að greina þróunarmöguleika hverfa.

2.3 Túlkun og hagnýting niðurstaðna

Sjálfbærnivísarnir eru hugsaðir sem greiningartæki til að varpa ljósi á stöðu hverfa gagnvart markmiðum um sjálfbært borgarskipulag. Þeir geta nýst til að bera saman hverfi, greina mynstur á höfuðborgarsvæðinu og draga fram styrkleika og áskoranir innan einstakra sjálfbærniþema.

Við túlkun niðurstaðna er mikilvægt að hafa í huga að vísarnir gefa ekki heildstæða mynd af öllum þáttum sem móta gæði hverfa. Þeir lýsa stöðu á tilteknum tímapunkti og ber að líta á þá sem grunn að frekari greiningu og umræðu, en ekki sem endanlegan úrskurð um gæði eða sjálfbærni einstakra hverfa. Jafnframt er hér um að ræða fyrstu útgáfu sem getur þurft að þróa áfram og fínstilla við endurskoðun síðar.

Niðurstöðurnar þarf að lesa í samhengi. Góð niðurstaða í einum vísi þýðir ekki að hverfið standi vel gagnvart öllum þáttum sjálfbærs borgarskipulags og slök niðurstaða getur kallað á nánari skoðun áður en dregnar eru ályktanir um mögulegar aðgerðir. Há eða lág einkunn getur haft ólíka merkingu eftir staðháttum, aldri byggðar, hlutverki hverfis innan borgarsvæðisins og þeim uppbyggingarmöguleikum sem eru til staðar.

Þá mæla sjálfbærnivísarnir ekki alla þætti sem skipta máli fyrir gæði byggðar. Í þessari útgáfu er til dæmis ekki lagt mat á upplifun íbúa, gæði almenningsrýma, gæði göngu- og hjólaleiða, birtu og skjól, félagslega stöðu íbúa eða raunverulega notkun þjónustu og grænna svæða. Slíkir þættir geta haft mikil áhrif á lífsgæði og sjálfbærni hverfa, en kalla á annars konar gögn og aðferðir en unnið er með í þessu verkefni.

Ekki liggur fyrir ein samræmd alþjóðleg aðferðafræði fyrir heildstætt sett sjálfbærnivísa fyrir borgarhverfi. Vísarnir eru því fyrst og fremst samanburðarhæfir milli hverfa innan höfuðborgarsvæðisins. Fyrir valda vísa er þó gerður samanburður við önnur borgarsvæði þar sem sambærileg gögn og viðmið liggja fyrir.

Niðurstöðurnar geta nýst SSH og sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu við eftirfylgni með svæðis- og aðalskipulagi, þróunaráætlunum, húsnæðisáætlunum og öðrum stefnumótandi verkefnum. Þær geta einnig nýst til að greina hvar þörf er á markvissum aðgerðum, svo sem bættri nærþjónustu, styrkingu vistvænna samgangna, aukinni blöndun byggðar, fjölbreyttari húsnæðiskosti eða úrbótum varðandi græn gæði.

Þemakortin og töflurnar eru þannig fyrst og fremst sameiginlegur þekkingargrunnur. Þau gera kleift að ræða stöðu og þróun hverfa á samræmdari hátt, greina hvar styrkleikar eru til staðar og hvar frekari skoðunar eða aðgerða er þörf.

3 Niðurstöður eftir sjálfbærniþemum

Í þessum kafla eru niðurstöður sjálfbærnivísanna settar fram eftir fimm sjálfbærniþemum: aðgengi að nærþjónustu, vistvænum samgöngum, byggðamynstri og lýðfræði, grænum gæðum og blöndun byggðar. Í hverjum undirkafla er fyrst gerð grein fyrir meginspurningu þemans, þeim vísum sem liggja til grundvallar og þeim viðmiðum sem notuð eru við matið.

Fyrir hvert þema er birt samsett niðurstöðukort sem sýnir samandregna stöðu skólahverfa gagnvart þeim vísum sem tilheyra viðkomandi þema. Kortin eru hugsuð sem greiningartæki til að draga fram mynstur, styrkleika og áskoranir innan hvers þema, og þarf að lesa þau með hliðsjón af niðurstöðum einstakra vísa og staðbundnum aðstæðum.

Niðurstöður sjálfbærnivísanna eru settar fram fyrir 61 skólahverfi á höfuðborgarsvæðinu. Á mynd 1 má sjá afmörkun skólahverfanna ásamt heiti og númeri hvers hverfis. Sömu númer og heiti eru notuð í umfjöllun og á niðurstöðukortum í köflum 3.1–3.5.



Mynd 1 Afmörkun, heiti og númer skólahverfa á höfuðborgarsvæðinu.

Við túlkun kortanna þarf að hafa í huga að hvert þema byggir á nokkrum ólíkum vísum og að samandregin niðurstaða getur falið í sér ólíka samsetningu styrkleika og veikleika. Nánari niðurstöður fyrir einstaka vísa og skólahverfi eru birtar í viðauka.

3.1 Aðgengi að nærþjónustu

Meginspurning

Hversu vel styður hverfið við daglegt líf í göngufæri?

Forsendur og viðmið

Í þessu þema er lagt mat á aðgengi íbúa að nærþjónustu sem gegnir mikilvægu hlutverki í daglegu lífi. Vísarnir sýna hlutfall íbúa sem býr innan skilgreindrar göngufjarlægðar frá leikskóla, grunnskóla, stórri matvöruverslun, bókasafni, íþróttahúsi, sundlaug, apóteki, heilsugæslu og framhaldsskóla.

Ekki liggur fyrir ein samræmd aðferðafræði um hvaða þjónustuþætti, fjarlægð eða hlutfall íbúa skuli miða við í slíkri greiningu. Við val vísa og viðmiða var horft til handbóka og rannsókna um 15/20 mínútna hverfi og staðargæði íbúðarhverfa, þar sem áhersla er lögð á að íbúar geti sinnt daglegum þörfum í göngu- eða hjólafæri frá heimili (sjá meðal annars AlWaer & Cooper, 2024, Carmona o.fl., 2020 og Omwamba o.fl., 2025).

Einna þekktustu dæmi alþjóðlega um aðgengilega gagnagrunna til að leggja mat á aðgengi að nærþjónustu eru svokölluð gönguskorskort. Eitt dæmi um slíkt er www.walkscore.com. Þar er hægt að kalla fram einkunn fyrir tiltekið heimilisfang, hvar sem er í heiminum, út frá aðgengi að nærþjónustu í göngufæri. Jafnframt er borgum og borgarhverfum í Bandaríkjunum þar gefin einkunn út frá aðgengi að nærþjónustu. Sambærilegur íslenskur vefur, þar sem hægt er fletta upp einstökum heimilisföngum hér á landi, hefur nýlega verið opnaður, www.gskor.is.

Kortlagning viðkomandi þjónustu fór fram í verkefninu *Innviðagreining á höfuðborgarsvæðinu*. Viðmið um 10 mínútna göngufjarlægð er notað fyrir þjónustu sem almennt er sótt oft eða gegnir lykilhlutverki í daglegu lífi íbúa, það er leikskóla, grunnskóla og matvöruverslun. Viðmið um 20 mínútna göngufjarlægð er notað fyrir þjónustu sem hefur stærra þjónustusvæði eða er almennt sótt sjaldnar, svo sem bókasafn, íþróttahús, sundlaug, apótek, heilsugæslu og framhaldsskóla.

Við túlkun niðurstaðna er miðað við hlutfall íbúa sem býr innan skilgreindrar göngufjarlægðar frá viðkomandi þjónustu. Staða hverfis telst góð ef hlutfallið er 80% eða hærra, miðlungs ef það er 50–79% og slök ef það er undir 50%.

Vísir	Heiti	Mælikvarði	Gott	Miðlungs	Slakt
A1	Leikskóli	Íbúar í ≤10 mín. göngufjarlægð	≥80%	50–79%	<50%
A2	Grunnskóli	Íbúar í ≤10 mín. göngufjarlægð	≥80%	50–79%	<50%
A3	Matvöruverslun	Íbúar í ≤10 mín. göngufjarlægð	≥80%	50–79%	<50%
A4	Bókasafn	Íbúar í ≤20 mín. göngufjarlægð	≥80%	50–79%	<50%
A5	Íþróttahús	Íbúar í ≤20 mín. göngufjarlægð	≥80%	50–79%	<50%
A6	Sundlaug	Íbúar í ≤20 mín. göngufjarlægð	≥80%	50–79%	<50%
A7	Apótek	Íbúar í ≤20 mín. göngufjarlægð	≥80%	50–79%	<50%
A8	Heilsugæsla	Íbúar í ≤20 mín. göngufjarlægð	≥80%	50–79%	<50%
A9	Framhaldsskóli	Íbúar í ≤20 mín. göngufjarlægð	≥80%	50–79%	<50%

Niðurstöður



Mynd 2 Aðgengi að nærþjónustu eftir skólahverfum. Við samlagningu hafa hér allir vísar sama vægi. Í viðauka eru sýnd kort fyrir hvern vísi fyrir sig.

Allir vísar í þemanu *Aðgengi að nærþjónustu* eru dregnir saman á eina mynd hér að ofan. Í heild sést þar tilhneiging til að hverfi sem liggja miðlægt í byggðinni, nærri miðbæjum og öðrum stærri þjónustukjörnum skori hærra en hverfi sem liggja nær jaðri byggðarinnar.

26 hverfi fá einkunnina *gott*, 30 *miðlungs* og 5 *slakt.* Aðeins eitt hverfi, *R31 Hólabrekkuskóli* fær einkunnina *gott* fyrir alla vísa í þessu þema, en fast á eftir fylgja *R28 Breiðholtskóli* og *R44 Hvassaleitisskóli* með einkunnina *gott* fyrir alla vísa nema einn. Eitt hverfi fær skorið *slakt* fyrir alla þjónustuþættina sem voru skoðaðir. Það er hverfið *G2 Garðaholt*, þar sem er enn sem komið er takmörkuð byggð. Hverfið *M24 Leirvogstunga* fær skorið *slakt* fyrir alla þjónustuþættina nema einn, sem er leikskóli sem er innan hverfisins. Í hverfum *H7 Áslandsskóli* og *H13 Skarðshlíðarskóli* telst vera langt í alla þjónustuþætti aðra en leikskóla og grunnskóla og í hverfi *R61 Hamraskóli* telst vera langt fyrir stóran hluta hverfisins í aðra þjónustuþætti en leikskóla, heilsugæslu og apótek.

Niðurstöðu fyrir þemað *A. Aðgengi að nærþjónustu* ber ágætlega saman við fyrirliggjandi gönguskorskort af höfuðborgarsvæðinu (www.gskor.is).

Það er nokkur breytileiki á milli hverfa hvaða vísar það eru sem skora hátt og hverjir lægra í þessu þema. Hæst skorar í heild nálægð við leikskóla og apótek. Allmörg hverfi skora lágt í nálægð við matvöruverslun. Við túlkun þess þarf að hafa í huga að hér er lagt

til grundvallar kort af staðsetningu stórra matvöruverslana. Í einhverjum tilfellum kunna að vera minni alhliða matvöruverslanir inni í hverfum sem ekki eru með í greiningunni. Einnig er víða langt í bókasafn og framhaldsskóla.

Niðurstöður um einstaka vísa eru í viðauka.

3.2 Vistvænar samgöngur

Meginspurning

Hversu góðar forsendur eru fyrir íbúa að velja vistvæna ferðamáta?

Forsendur og viðmið

Þetta þema fjallar um vistvænar samgöngur og metur hversu vel aðstæður innan hverfa styðja við ferðir með öðrum ferðamátum en einkabíl. Litið er til þriggja þátta: aðgengis að almenningssamgöngum, ferðavenja íbúa og bílaeignar.

Varðandi aðgengi að almenningssamgöngum er stuðst við þekkta aðferðafræði, sem kalla má EEA/TERM nálgun, til að mæla aðgengi að almenningssamgöngum í tengslum við evrópska samgöngu- og umhverfisvísa (e. *Transport and Environment Reporting Mechanism*, TERM). Sú nálgun er, sem dæmi, notuð í skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, þar sem aðgengi að almenningssamgöngum í evrópskum borgum er metið bæði út frá nálægð íbúa við stoppistöðvar og tíðni ferða innan göngufjarlægðar (Poelman o.fl. 2020).

Í þessari greiningu er aðgengi að almenningssamgöngum skipt í tvo vísa. Annars vegar er metið hlutfall íbúa sem býr innan 400 m frá stoppistöð. Hins vegar er metið þjónustustig þeirra stoppistöðva, þ.e. fjöldi ferða á klukkustund á virkum degi milli kl. 07:00–20:00. Þessi aðgreining er mikilvæg þar sem stoppistöðvar eru víða á höfuðborgarsvæðinu, en fáar bjóða upp á hátt þjónustustig. Því getur hverfi komið vel út þegar litið er eingöngu til nálægðar við stoppistöð, en lakar þegar horft er til tíðni ferða og raunhæfs notagildis almenningssamgangna í daglegu lífi.

Aðferðin hefur þann kost að hún er einföld, hana er auðvelt að endurtaka og hún byggir á mælikvörðum sem hafa verið notaðir í alþjóðlegu samhengi, meðal annars við mat á aðgengi að almenningssamgöngum í tengslum við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (mælikvarða 11.2.1). Hún getur því nýst til samanburðar við önnur borgarsvæði, þar sem sambærileg gögn liggja fyrir.

Varðandi ferðavenjur er byggt á ferðavenjukönnun innviðaráðuneytisins o.fl. frá árinu 2025. Þar kemur fram skipting ferða eftir ferðamáta, þ.e. hvort ferðir eru farnar sem bílstjóri, farþegi í einkabíl, fótgangandi, á reiðhjóli eða með almenningssamgöngum. Vísirinn mælir hlutfall vistvænna ferðamáta, þ.e. ferða sem farnar eru með almenningssamgöngum, hjólandi eða gangandi. Tekið er mið af markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um þróun ferðamáta til ársins 2040. Þar er stefnt að því að hlutfall vistvænna ferða verði að minnsta kosti 42%. Afmörkun svæða í ferðavenjukönnuninni nær yfir heila bæjar- og borgarhluta sem samanstanda af nokkrum skólahverfum, og því þarf að túlka niðurstöður um vísi B2 með hliðsjón af því.

Vísir	Mælikvarði	Gott	Miðlungs	Slakt
B1a Aðgengi að stoppistöð	Hlutfall íbúa innan 400 m frá stoppistöð	≥90%	60–89%	<60%
B1b Þjónustustig stoppistöðva	Ferðir á klukkustund kl. 07.00-20.00 á virkum dögum	>10 ferðir/klst.	4–10 ferðir/klst.	<4 ferðir/klst.
B2 Ferðavenjur	Hlutfall vistvænna ferða (strætó, hjól, ganga)	≥42%	29–41%	≤28%

Bílaeign er metin út frá upplýsingum um meðalfjölda bíla á íbúð samkvæmt smásvæðagreiningu Hagstofu Íslands. Vísirinn gefur vísbendingu um hversu háð heimili eru einkabíl og nýtist sem samanburður milli hverfa á höfuðborgarsvæðinu. Vísir um bílaeign er ekki reiknaður með á samantektarkorti fyrir vistvænar samgöngur sem birt er hér að neðan, heldur er hann eingöngu settur hér fram sem sjálfstæður samanburðarvísir (sjá kort í viðauka). Svæðisafmörkun í smásvæðagreiningu Hagstofunnar fellur ekki nákvæmlega að skólahverfum og því voru hér reiknuð gildi sem hlutfallslegt meðaltal miðað við flatarmál skörunar milli smásvæða og skólahverfa.

Vísir	Mælikvarði	Lágt	Miðlungs	Hátt
B3 Bílaeign	Bílar á íbúð, meðaltal	≤1,0	1,1–1,4	≥ 1,5

Niðurstöður



Mynd 3 Vistvænar samgöngur eftir skólahverfum. Hér eru eingöngu kortlagðir vísar B1b og B2 og hafa þeir sama vægi á kortinu. Í viðauka eru sýnd kort fyrir hvern vísi fyrir sig, B1a, B1b, B2 og B3.

Vísarnir *B1b Þjónustustig stoppistöðva* og *B2 Ferðavenjur* eru sýndir saman á kortinu að ofan um *vistvænar samgöngur*. Þar sést að það eru eingöngu hverfi innan Reykjavíkur sunnan Grafarvogs sem uppfylla skilyrði um *miðlungs* eða *góða* einkunn og þar af er *R28 Breiðholtsskóli* eina hverfið austan Reykjanesbrautar. Aðeins hverfi vestarlega í Reykjavík ná einkunninni *gott*. Öll hverfi í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu falla í flokkinn *slakt* varðandi þetta þema.

Ef hins vegar eingöngu er horft til staðsetningar stoppistöðva (vísir B1a), þá ná langflest hverfi á höfuðborgarsvæðinu að uppfylla skilyrði fyrir einkunnina gott aðgengi að stoppistöð, eða 53 hverfi af 61 (sjá kort í viðauka).

Eins og áður er vikið að, segir tilvist stoppistöðvar þó lítið ein og sér, heldur er mikilvægt að horfa til tíðni ferða. Því eru eingöngu teknir saman vísar B1b og B2 á mynd 3 hér að ofan um *vistvænar samgöngur* en þeir segja til um tíðni almenningssamgangna og ferðamáta. Aðeins þrjú skólahverfi fá þar einkunnina *gott*, 10 *miðlungs* og 48 *slakt*. Hverfin sem fá einkunnina *gott* eru öll í Reykjavík vestan Snorrabrautar og flugvallar.

Þegar eingöngu er horft til þjónustustigs stoppistöðva (vísir *B1b*, sjá kort í viðauka) sést að aðeins tvö hverfi fá einkunnina *gott*. Það eru *R28 Breiðholtsskóli* og *R53 Austurbæjarskóli*.

Fjögur hverfi ná einkunninni gott fyrir vísinn *B2 Ferðavenjur* (sjá kort í viðauka). Það eru *R48 Grandaskóli, R52 Vesturbæjarskóli, R53 Austurbæjarskóli og R55 Melaskóli. 48* hverfi af 61 fá einkunnina *slakt* fyrir vísinn *B2 Ferðavenjur.*

Þegar kortið að ofan yfir *Vistvænar samgöngur* er borið saman við kort fyrir vísinn *B3 Bílaeign* (sem birt er í viðauka) sést ákveðin samsvörun á milli góðrar einkunnar fyrir vistvænar samgöngur og lágrar bílaeignar og öfugt. Meðal bílaeign á heimili er almennt meiri í hverfum Reykjavíkur austan Elliðaáa og í Mosfellsbæ, Garðabæ, Hafnarfirði sunnan Reykjanesbrautar og á Seltjarnarnesi.

Niðurstöður um einstaka vísa eru birtar í viðauka.

3.3 Byggðamynstur og lýðfræði

Meginspurning

Styður byggðamynstur og íbúasamsetning við sjálfbærni hverfis til lengri tíma?

Forsendur og viðmið

Þema C fjallar um byggðamynstur og lýðfræði og lýsir forsendum sem hafa áhrif á sjálfbærni hverfa, rekstrargrundvöll nærþjónustu og almenningssamgangna, húsnæðisþörf og þjónustuþörf íbúa. Litið er til fjögurra atriða: íbúaþéttleika, íbúðaþéttleika, rýmis íbúðarhúsnæðis á íbúa og lífsskeiðablöndunar.

Þéttleiki byggðar er lykilþáttur í sjálfbæru borgarskipulagi. Þéttleiki þarf að vera nægjanlegur til að styðja við rekstur nærþjónustu og almenningssamgangna og gefa kost á stuttum vegalengdum í daglegu lífi og góðri nýtingu lands og innviða. Í þessari greiningu er bæði horft til íbúaþéttleika, þ.e. fjölda íbúa á hektara, og íbúðaþéttleika, þ.e. fjölda íbúða á hektara.

Viðmið um þéttleika byggðar taka mið af svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, *Höfuðborgarsvæðið 2040*, og fylgiriti þess um byggðaþróun, þar sem lögð er áhersla á samgöngumiðaða þróun, þéttingu byggðar og uppbyggingu á svæðum sem geta stutt við öflugar almenningssamgöngur. Einnig er horft til leiðbeininganna *Mannlíf, byggð og bæjarrými*, þar sem fjallað er um samþættingu byggðar og almenningssamgangna, 20 mínútna hverfið og þéttleika sem forsendu fyrir nærþjónustu og vistvænum ferðamátum.

Íbúðaþéttleiki er hefðbundinn mælikvarði í skipulagsmálum og er meðal þeirra þátta sem almennt er horft til í umfjöllun um 15/20 mínútna hverfi. Ekki er til algild regla um réttan þéttleika, en rannsóknir og skipulagsviðmið benda til þess að ná þurfi ákveðnum þéttleika til að hverfi styðji nægilega við nærþjónustu, almenningssamgöngur og virka ferðamáta (sjá meðal annars AlWaer & Cooper, 2024). Norræna rannsóknarstofnunin Nordregio hefur kortlagt þéttleika íbúa og byggðar á Norðurlöndum miðað við 1 km^2 reiti sem gefur kost á ákveðnum samanburði (Nordregio, 2024).

Viðmiðin fyrir *C1 Íbúaþéttleika* og *C2 íbúðaþéttleika* eru tengd. Við mótun þeirra er tekið mið af því að í þéttari byggð er oft hærra hlutfall lítilla íbúða með færri íbúum á íbúð, en í dreifðari byggð eru íbúðir gjarnan stærri og fleiri búa í hverri íbúð. Því er miðað við um 2,4 íbúa á íbúð við neðri mörk þess íbúðaþéttleika sem flokkast sem góður, eða 30 íbúðir á hektara, en um 2,2 við efri mörkin, eða 60 íbúðir á hektara. Samsvarandi viðmið fyrir góðan íbúaþéttleika eru því 72–132 íbúar á hektara. Þessi hlutföll eru aðeins notuð við mótun viðmiða fyrir C1, en íbúaþéttleiki hverfa er reiknaður út frá raunverulegum íbúafjölda.

Viðmiðin í töflunni endurspegla einnig að meiri þéttleiki er ekki sjálfkrafa betri í öllum tilvikum. Mjög mikill þéttleiki getur, ef hann er ekki studdur með vandaðri hönnun, nægum almenningsrýmum, grænum svæðum, birtu, skjóli og góðum innviðum, haft neikvæð áhrif á gæði byggðar.[4] Af þeim sökum eru bæði mjög lág og mjög há gildi flokkuð sem áskorun í viðmiðum fyrir íbúa- og íbúðaþéttleika.

Við útfærslu viðmiða var tekið tillit til þess að skólahverfi eru ekki einsleit íbúðarsvæði og geta innihaldið ólíka byggð, stofnanir og blandaða landnotkun. Bilið sem flokkast sem *gott* er því nokkuð rúmt og endurspeglar að sjálfbær hverfi geta haft ólíkt byggðamynstur og mismunandi samsetningu landnotkunar.

Útreikningur á þéttleika miðast ekki við heildarflatarmál skólahverfisins. Þéttleiki er reiknaður út frá flatarmáli þeirra reita innan skólahverfis sem falla undir landnotkunina íbúðarbyggð og miðsvæði samkvæmt aðalskipulagi. Eftir sem áður þarf að túlka niðurstöður með hliðsjón af staðbundnum aðstæðum, þar sem samsetning byggðar og landnotkunar getur verið ólík milli hverfa.

Rými íbúðarhúsnæðis á íbúa er mælt sem íbúðarfermetrar á íbúa. Mælikvarðinn gefur vísbendingu um rýmisnýtingu íbúðarhúsnæðis og samspil íbúðarstærða og heimilisstærða innan hverfa. Mjög lágt gildi getur bent til þrengsla eða takmarkaðs íbúðarrýmis á íbúa, en mjög hátt gildi getur bent til rúmfrekrar húsnæðisnýtingar og dreifðara byggðamynsturs. Sambærilegur mælikvarði er til dæmis meðal vísa í ISO 37120 staðlinum um sjálfbærar borgir og lífsgæði.

Lífsskeiðablöndun í vísi C4 er metin út frá hlutfalli barna og eldri borgara í hverfi. Horft er til aldurshópanna 0–14 ára og 65 ára og eldri, sem eru sambærilegir þeim aldurshópum sem notaðir eru í lýðfræðilegum samanburði Hagstofu Íslands og Eurostat, meðal annars við útreikning framfærsluhlutfalls. Viðmiðin taka einnig mið af þeirri grunnhugsun sem liggur að baki *Nordic Demographic Vulnerability Index*, þar sem lýðfræðileg viðkvæmni svæða á Norðurlöndum er meðal annars metin og kortlögð út frá aldurssamsetningu og jafnvægi milli yngri, vinnualdurs og eldri aldurshópa (Nordregio, 2019). Fjölbreytt aldurssamsetning getur gefið til kynna félagslega sjálfbærni hverfa, stöðugri nýtingu skóla og annarrar nærþjónustu og möguleika íbúa til að búa áfram í sama hverfi eftir því sem lífsskeið og þarfir breytast. Einhæf aldurssamsetning getur hins vegar bent til þess að hverfi sé viðkvæmara fyrir sveiflum í þjónustuþörf, til dæmis í leik- og grunnskólum eða þjónustu við eldri íbúa.

Vísir	**Mælikvarði**	**Gott**	**Miðlungs**	**Slakt**
C1 Íbúaþéttleiki	Íbúar á hektara	72–132	48–71 eða 133–165	<48 eða >165
C2 Íbúðaþéttleiki	Íbúðir á hektara	30–60	20–29 eða 61–75	<20 eða >75
C3 Rými íbúðarhúsnæðis	Íbúðafermetrar á íbúa	35–50	30–34 eða 51–65	<30 eða >65
C4 Lífsskeiðablöndun	Hlutfall barna 0–14 ára og eldri borgara 65+	Börn ≥17% og eldri ≤19%	Annað skilyrði uppfyllt	Hvorugt skilyrði uppfyllt

[4] Sjá til dæmis umfjöllun á bls. 49 í AlWaer & Cooper, 2024.

Niðurstöður



Mynd 4 Byggðamynstur og lýðfræði eftir skólahverfum. Við samlagningu hafa hér allir vísar sama vægi. Í viðauka eru sýnd kort fyrir hvern vísi fyrir sig.

Allir vísar í þemanu *Byggðamynstur og lýðfræði* eru dregnir saman á eina mynd hér að ofan. Í heild fá 27 skólahverfi einkunnina *gott*, 28 *miðlungs* og 6 *slakt.* Ekki kemur fram afgerandi mynstur á kortinu, sem undirstrikar ef til vill ólíka styrkleika og veikleika einstakra hverfa varðandi þær breytur sem hér eru kortlagðar saman, en þó liggja flest hverfin sem uppfylla skilyrði fyrir einkunninni *gott* miðlægt á höfuðborgarsvæðinu, innan Reykjavíkur og Kópavogs.

Ef skoðaðir eru einstakir vísar undir þessu þema, þá gefur kortlagning íbúaþéttleika (C1) og íbúðaþéttleika (C2) áþekkar niðurstöður. Bæði íbúða- og íbúaþéttleiki nær helst einkunninni *gott* í hverfum sem liggja miðlægt á höfuðborgarsvæðinu. Flest þessara hverfa liggja innan Reykjavíkur. Öll hverfi í Garðabæ, Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi fá einkunnina *slakt* þegar þessir vísar eru skoðaðir.

Langflest hverfi á höfuðborgarsvæðinu, eða 49 af 61, fá einkunnina *gott* varðandi rými íbúðarhúsnæðis (vísir C3) og aðeins eitt hverfi einkunnina *slakt.* Af þeim hverfum sem fá einkunnina *meðal* og *slakt* eru mun fleiri hverfi þar sem íbúðarrými á íbúa er yfir viðmiðum fyrir einkunnina gott, sem gefur til kynna að almennt sé þröngbýli ekki stórt viðfangsefni í hverfum á höfuðborgarsvæðinu, heldur séu fremur tækifæri til að nýta íbúðarhúsnæði betur með því til dæmis að auka framboð á fjölbreyttari húsnæðiskostum innan hverfis.

Kort af lífsskeiðablöndun (vísir C4) sýnir nokkuð fjölbreytta mósaíkmynd. Almennt má gera ráð fyrir að ný hverfi hafi hærra hlutfall barna í upphafi og að jafnvægi sé meira í grónari hverfum sem hafa þróast og endurnýjast yfir lengri tíma. Í einstökum hverfum getur svo hátt hlutfall hjúkrunarrýma og íbúða fyrir eldri borgara einnig haft áhrif á aldurssamsetningu íbúa.

Af 61 hverfi á höfuðborgarsvæðinu fær helmingur, eða 30 hverfi einkunnina *gott* þegar lífsskeiðablöndun er skoðuð. 26 hverfi fá einkunnina *meðal* og aðeins fimm hverfi einkunnina *slakt*. Þegar horft á staðsetningu og eðli hverfanna í síðastnefnda flokknum er ekki að sjá afgerandi samsvörun á milli þeirra, heldur virðast mismunandi þættir ráða aldurssamsetningu þeirra.

Niðurstöður um einstaka vísa eru í viðauka.

3.4 Græn gæði

Meginspurning

Hversu vel styðja græn svæði, trjágróður og aðgengi að útivistarsvæðum við heilnæmt nærumhverfi?

Lýsing

Þetta þema metur græn gæði í nærumhverfi íbúa. Horft er til trjágróðurs, trjákrónuþekju og aðgengis að grænum svæðum með svokallaðri „3–30–300“ nálgun sem hefur verið að ryðja sér til rúms í umræðu um skipulagsmál og byggðargæði á síðustu árum. Græn gæði styðja við lýðheilsu, líffræðilega fjölbreytni, vistkerfisþjónustu, blágrænar ofanvatnslausnir og aðlaðandi nærumhverfi.

Í „3–30–300“ nálguninni vísar „3“ til markmiðs um að það sjáist a.m.k. þrjú tré frá hverju heimili, skóla og vinnustað, „30“ til markmiðs um að a.m.k. 30% lands í borgarhverfum sé hulið trjákrónum og „300“ til markmiðs um að ekki sé lengra en 300 m frá heimilum að næsta opna, grænu svæði. Borgarsvæði á Norðurlöndum hafa verið greind og kortlögð með þessari aðferðafræði (Konijnendijk o.fl., 2025) og er sú kortlagning nýtt hér sem grunnur að samanburði á grænum gæðum milli skólahverfa á höfuðborgarsvæðinu.

Samandregin einkunn fyrir græn gæði byggir á vegnu meðaltali „3–30–300“ þáttanna, þar sem sýnileiki trjáa, „3“, hefur 25% vægi, trjákrónuþekja, „30“, hefur 50% vægi og aðgengi að grænu svæði, „300“, hefur 25% vægi. Nánari lýsing á aðferðafræði og útreikningi einkunnar kemur fram í kafla 3.11 í skýrslunni *Innviðagreining á höfuðborgarsvæðinu*. Einkunnin sýnir hversu vel hvert skólahverfi kemur út gagnvart „3–30–300“ viðmiðunum og nýtist til að bera saman stöðu hverfa innan höfuðborgarsvæðisins og við aðrar borgir á Norðurlöndum. Góð einkunn bendir til þess að hverfið hafi sterka stöðu gagnvart grænum gæðum, en miðlungs eða slök einkunn getur bent til tækifæra til úrbóta, til dæmis með aukinni trjárækt, styrkingu grænna tenginga eða bættu aðgengi að opnum, grænum svæðum.

Vísir	Mælikvarði	Gott
D1	Sýnileg tré frá heimili, skóla eða vinnustað	≥3
D2	Land hulið trjákrónum í hverfi	≥30%
D3	Fjarlægð frá heimili að opnu grænu svæði	≤300 m

Niðurstöður



Mynd 5 „3-30-300“ greining eftir skólahverfum. Við samlagningu vísanna þriggja er fylgt aðferðafræði sem lýst er í skýrslu Konijnendijk o.fl., 2025 og í kafla 3.11 í skýrslunni *Innviðagreining á höfuðborgarsvæðinu*.

Allir vísar í þemanu *Græn gæði* eru dregnir saman á eina mynd hér að ofan. Þar sést ás eftir hverfum innan Reykjavíkur sem skora hæst og að hverfi nær jaðri byggðarinnar hafa tilhneigingu til að skora lægra. Á myndinni dragast einnig skýrt fram grænu geirarnir sem liggja gegnum byggðina milli strandar og upplands, um Elliðaárdal, Laugardal og Fossvogsdal.

Varðandi einstaka þætti, þá er almennt gott aðgengi að opnum grænum svæðum í hverfum á höfuðborgarsvæðinu („300“ þátturinn).

Varðandi vísana „3“ (sýnileg tré) og „30“ (trjáþekju) er byggt á gögnum úr norrænni rannsókn (Konijnendijk o.fl., 2025). Þau gögn eru ónákvæm og því kunna að vera

skekkjur í mati á einstökum hverfum. Samkvæmt þeim er talsverður munur milli hverfa á höfuðborgarsvæðinu á sýnileika trjáa og trjákrónuþekju. Þar dregst fram sambærilegt mynstur og sést á mynd 5 hér að ofan.

Margt getur haft áhrif á sýnileika trjáa og trjákrónuþekju í einstökum hverfum. Þar spila saman atriði eins og þéttleiki byggðar, umfang samgönguinnviða og almennt skipulag og hönnun bæjarrýma og einkalóða. Þannig skiptir máli að hve miklu leyti hart yfirborð (malbik, steypa, hellur eða timburpallar) og garðveggir fremur en tré, limgerði og annar gróður einkenna bæjarrými og einkalóðir. Tilefni er til að vinna nákvæmari greiningu á sýnileika trjáa og trjáþekju í hverfum á höfuðborgarsvæðinu þar sem um er að ræða atriði sem hafa margvíslega þýðingu fyrir gæði borgarhverfa.

3.5 Blöndun byggðar

Meginspurning

Hversu fjölbreytt er húsnæði og starfsemi innan hverfisins?

Lýsing

Þetta þema metur fjölbreytni og blöndun byggðar. Horft er til húsagerða, íbúðarstærða og hlutfalls verslunar- og skrifstofuhúsnæðis af heildarbyggingarmagni innan hverfis.

Blöndun byggðar styður við félagslega sjálfbærni, eykur valkosti fyrir ólíka hópa, styrkir nærþjónustu og dregur úr ferðaþörf. Fjölbreytt húsnæði getur einnig gert íbúum kleift að flytja innan sama hverfis eftir því sem þarfir breytast yfir æviskeiðið.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er lögð áhersla á samgöngumiðaða uppbyggingu þar sem íbúðir, störf og þjónusta tengist hágæða almenningssamgöngum. Í fylgiriti svæðisskipulagsins um byggðaþróun er jafnframt bent á mikilvægi þess að tryggja blöndun íbúða og atvinnuhúsnæðis til að stuðla að þjónustu nærri heimili og að íbúðargerðir taki mið af breyttri aldurssamsetningu, minni heimilum og fjölbreyttari húsnæðisþörfum.

Í leiðbeiningunum *Mannlíf, byggð og bæjarrými* er lögð áhersla á að blöndun byggðar geti dregið úr ferðaþörf, stutt við vistvæna ferðamáta og styrkt mannlíf í bæjarrýmum. Þar er jafnframt fjallað um mikilvægi fjölbreyttra íbúðargerða, meðal annars til að íbúar geti fundið húsnæði við hæfi innan sama hverfis eftir því sem þarfir breytast yfir æviskeiðið.

Sambærilegar áherslur á fjölbreytt íbúðarhúsnæði og blöndun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis er að finna í erlendum rannsóknum og leiðbeiningum um 15/20 mínútna hverfi og staðargæði íbúðarhverfa (sjá til dæmis AlWaer & Cooper, 2024 og Carmona o.fl., 2020).

Vísirinn um húsagerðir (E1) mælir hlutfall sérbýlis af öllum íbúðum í hverfi. Með sérbýli er átt við einbýlis-, rað- og parhús. Viðmiðin miða að því að hverfi hafi blöndu sérbýlis og fjölbýlis, en hvorki mjög einsleita sérbýlisbyggð né nær eingöngu fjölbýli. Slík blöndun getur stutt við fjölbreyttari íbúasamsetningu og ólíkar húsnæðisþarfir.

Vísirinn um íbúðarstærðir (E2) mælir dreifingu íbúða í þremur stærðarflokkum: litlar íbúðir undir 70 m², meðalstórar íbúðir 70–150 m² og stórar íbúðir yfir 150 m². Markmiðið er að greina hvort húsnæðiskostur innan hverfis bjóði upp á valkosti fyrir ólíkar heimilisgerðir og lífsskeið.

Vísirinn um starfsemi (E3) mælir hlutfall verslunar- og skrifstofuhúsnæðis af heildarbyggingarmagni í hverfi. Slík starfsemi getur stutt við blandað hverfislíf og nærþjónustu, gefið kost á atvinnu nærri heimili og skapað tilefni til ferða innan hverfisins. Við túlkun þarf þó að hafa í huga að mjög hátt starfsemishlutfall getur einnig endurspeglað hverfi þar sem atvinnu- eða þjónustustarfsemi er ráðandi á kostnað íbúðarbyggðar.

Gögn fyrir alla þrjá vísana eru sótt í kortagrunn SSH sem byggir á skráningu Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagstofnunar. Viðmiðin eru fyrst og fremst hugsuð til að greina fjölbreytni og jafnvægi innan hverfa. Þau ber að túlka með hliðsjón af hlutverki hverfisins, aldri byggðar og staðsetningu innan höfuðborgarsvæðisins.

Viðmiðin endurspegla að blöndun byggðar snýst um fjölbreytni og jafnvægi. Hærra hlutfall tiltekinnar húsagerðar, íbúðarstærðar eða starfsemi er ekki sjálfkrafa betra. Ef eitt form húsnæðis eða einn stærðarflokkur verður mjög ráðandi getur það bent til einsleitari húsnæðiskosts og færri valkosta fyrir ólíkar heimilisgerðir, aldurshópa, athafnir og lífsskeið. Mjög lágt hlutfall verslunar- og skrifstofuhúsnæðis getur jafnframt bent til takmarkaðrar blöndunar starfsemi og veikrar nærþjónustu, en mjög hátt hlutfall getur bent til þess að atvinnu- eða þjónustustarfsemi sé ráðandi á kostnað íbúðarbyggðar. Af þessum ástæðum eru viðmiðin í sumum tilvikum tvískipt, þar sem bæði mjög lágt og mjög hátt hlutfall getur leitt til miðlungs eða slakrar niðurstöðu.

Vísir	Mælikvarði	Gott	Miðlungs	Slakt
E1 Húsagerðir	Hlutfall sérbýlis	10–30%	5–9% eða 31–50%	<5% eða >50% sérbýli
E2 Íbúðarstærðir	Dreifing íbúða eftir stærð: litlar <70 m^2 meðalstórar 70–150 m^2 og stórar > 150 m^2	Litlar ≥15%, stórar ≥15% og meðal-stórar ≤70%	Litlar eða stórar 10–14%, eða meðalstórar 71–80%	Litlar eða stórar <10%, eða meðal-stórar >80%
E3 Starfsemi	Hlutfall versl.- og skrifstofuhúsnæðis	10–20%	5–9,9% eða 20,1–30%	<5% eða >30%

Niðurstöður



Mynd 6 Blöndun byggðar eftir skólahverfum. Við samlagningu hafa hér allir vísar sama vægi. Í viðauka eru sýnd kort fyrir hvern vísi fyrir sig.

Allir vísar í þemanu *Blöndun byggðar* eru dregnir saman á eina mynd hér að ofan. Ekki kemur fram afgerandi mynstur á kortinu, en þó hafa hverfi sem liggja miðlægt á höfuðborgarsvæðinu og meðfram helstu samgönguásum tilhneigingu til að skora hærra en hverfi nær jaðri byggðarinnar þó að á því séu undantekningar. Mörg hverfi í Garðabæ og Mosfellsbæ falla í flokkinn *slakt* á kortinu.

Kortið endurspeglar þekkt einkenni einstakra hverfa og bæjarhluta á höfuðborgarsvæðinu. Hverfi sem einkennast af sérbýli fremur en blöndun ólíkra húsagerða og einsleitri íbúðarbyggð með takmarkaðri þjónustu eða atvinnuhúsnæði innan hverfis skora lægra mælt á mælistikur blöndunar byggðar.

4 Samanburður við norræn borgarsvæði

Í þessum kafla er höfuðborgarsvæðið borið saman við norræn borgarsvæði út frá fjórum þáttum: þéttleika byggðar, aðgengi að almenningssamgöngum, bílaeign og grænum gæðum samkvæmt 3–30–300 viðmiðinu. Við val á samanburðarsvæðum er lögð áhersla á norræn höfuðborgarsvæði og, þar sem sambærileg gögn liggja fyrir, norræn borgarsvæði með íbúafjölda nærri höfuðborgarsvæðinu.

Aðgengi að gögnum, skilgreiningar og landfræðileg afmörkun eru mismunandi eftir þáttum. Því eru samanburðarborgir ekki þær sömu í öllum tilvikum. Gerð er grein fyrir gögnum, afmörkun og aðferð við hvern þátt.

4.1 Þéttleiki byggðar

Þéttleiki byggðar hefur áhrif á forsendur fyrir nærþjónustu, almenningssamgöngum og virkum ferðamátum, auk þess sem þéttari byggð getur stuðlað að betri nýtingu lands og innviða. Þéttleiki einn og sér segir þó ekki til um gæði byggðar. Þar skipta jafnframt máli byggðamynstur, blöndun landnotkunar, aðgengi og gæði almenningsrýma.



Mynd 7 Afmörkun þéttbýliskjarna (urban centre) á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt GHSL og byggt land innan hennar. Rauða línan sýnir afmörkun þéttbýliskjarna, samtals um 9.700 ha, og gulir reitir sýna byggt land (built-up area), samtals um 6.264 ha.

Samanburður á þéttleika byggðar við önnur borgarsvæði byggir á gögnum úr Global Human Settlement Layer (GHSL) og Urban Centre Database 2024 sem gefin eru út af Sameiginlegri rannsóknarmiðstöð Evrópusambandsins (European Commission, Joint Research Centre, 2024). Gagnagrunnurinn byggir á samræmdri alþjóðlegri aðferð við afmörkun þéttbýlis og gerir þannig kleift að bera saman borgir óháð stjórnsýslumörkum þeirra. Kostur GHSL-gagnanna er að afmörkun borgarkjarna og úrvinnsla gagna er samræmd milli ólíkra borga. Mannfjöldagögnin byggja hins vegar á landsbundnum gögnum sem færð eru yfir í samræmt alþjóðlegt gagnalíkan. Uppruni, viðmiðunarár og landfræðileg upplausn frumgagnanna geta verið mismunandi milli landa og skapa því óvissu í samanburði.

Við afmörkun borganna er stuðst við skilgreininguna þéttbýliskjarni (urban centre). Hún tekur til samliggjandi reita í eins ferkílómetra neti þar sem íbúaþéttleiki er að jafnaði að minnsta kosti 1.500 íbúar á km² og samanlagður íbúafjöldi að minnsta kosti 50.000. Afmörkunin er síðan aðlöguð með því að fylla upp í eyður og jafna út jaðra.

Innan hvers þéttbýliskjarna er þéttleikinn reiknaður sem fjöldi íbúa á hektara byggðs lands. Byggt land er afmarkað á 100×100 m grunni og einungis þeir reitir innan þéttbýliskjarna þar sem byggt yfirborð er skráð eru teknir með í flatarmálsútreikningum. Heildarfjölda íbúa er síðan deilt með samanlögðu flatarmáli þessara byggðu reita.

Gögnin miðast við árið 2025. Íbúafjöldi og dreifing hans byggja á opinberum manntals- og stjórnsýslugögnum sem GHSL tekur saman í alþjóðlegu mannfjöldagagnasafni. Íbúafjöldanum er síðan dreift á 100×100 m reiti með hliðsjón af upplýsingum um byggt yfirborð og byggingarmagn. Gervitunglagögn eru þannig notuð til að greina byggð og styðja við staðsetningu íbúanna, en ekki til að ákvarða sjálfan íbúafjöldann.

Innan hvers þéttbýliskjarna er þéttleikinn reiknaður sem fjöldi íbúa á hektara byggðs lands (built-up area). Byggt land er afmarkað í 100×100 metra reiti. Þannig er ekki miðað við allt landsvæði innan ytri afmörkunar borgarinnar heldur aðeins þá reiti þar sem byggt yfirborð er skráð.

Á höfuðborgarsvæðinu er afmörkun þéttbýliskjarnans um 9.700 ha samfellt svæði sem nær yfir meginhluta samfelldrar byggðar frá Hafnarfirði að Reykjavík. Ýmis svæði sem liggja utar á höfuðborgarsvæðinu, meðal annars Álftanes og Mosfellsbær, falla utan afmörkunarinnar. Innan þéttbýliskjarnans eru um 6.264 ha skilgreindir sem byggt land. Samkvæmt GHSL-gögnunum búa um 206.900 íbúar innan afmörkunarinnar og er þéttleikinn því um 33 íbúar á hektara byggðs lands.

Til samanburðar eru skoðaðir þéttbýliskjarnar hinna norrænu höfuðborganna ásamt fjórum borgum sem eru nær höfuðborgarsvæðinu að íbúafjölda: Árhus, Stavanger, Uppsala og Turku. Fyrir hverja borg er heildarfjölda íbúa innan þéttbýliskjarnans deilt með flatarmáli byggðs lands innan sömu afmörkunar. Niðurstöður samanburðar íbúaþéttleika á byggðu landi eru settar fram með liggjandi súlum hér að neðan.



